

## AUGLÝSING

### um gildistöku Norðurlandasamnings til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir.

Norðurlandasamningur frá 22. mars 1983 til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir öðlaðist gildi 29. desember 1983, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 6/1983, þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. desember 1983.*

**Geir Hallgrímsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ingvi S. Ingvarsson.*

## AUGLÝSING

### um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna.

Með bréfaskiptum 29. og 30. desember 1982 var gengið frá samkomulagi um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna á árinu 1983.

Bréfin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. desember 1983.*

**Geir Hallgrímsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ingvi S. Ingvarsson.*

### Fylgiskjal.

#### **a. Bréf utanríkisráðherra Íslands til lögmanns Færeyja.**

29. desember 1982.

Hr. lögmaður,

Ég leyfi mér að bera fram tillögu þess efnis að veittar verði gagnkvæmar heimildir til veiða á 30 þúsund lestum af kolmunna innan fiskveiðilögsögu Færeyja og efnahagslögsögu Íslands á árinu 1983. Heimilt er ennfremur að vinna aflann um borð í skipum þeim er leyfi fá til veiðanna. Um nánara fyrirkomulag þessara veiða verður haft beint samband milli íslenska sjávarútvegsráðuneytisins og landsstjórnar Færeyja. Að öðru leyti mun fylgt því fyrirkomulagi og reglum sem ákveðið var í niðurstöðum viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga sem undirritaðar voru 10. janúar 1979.

Ef þér fallist á ofangreint, hr. lögmaður, bið ég um staðfestingu yðar þar að lútandi.

Ólafur Jóhannesson.

Hr. Pauli Ellefsen, lögmaður,  
Føroya Landsstýri,  
Tórshavn.